

**128. fundur Skipulags- og umhverfissráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti
16-18,
7. október 2019 og hófst hann kl. 09:15.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

Fyrir tekið:

1. **1909202 - Faxaflóahafnir - merkingar**
Bréf Faxaflóahafna dags. 12. sept. sl. varðandi tillögu að samræmdum merkingum við hafnarsvæðin.
Lagt fram til kynningar.
2. **1910039 - Snjómokstur**
Skipulags- og umhverfissráð samþykkir að framlengja samning við Skófluna hf, um eitt ár. Samningstími verður frá 1. nóvember 2019 til 1. maí 2020.
3. **1910038 - Þétting byggðar - uppkaup**
Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, fór yfir hugmyndir um þéttingu byggðar á Akranesi. Ennfremur voru ræddar tillögur um uppkaupasjóð á vegum Akraneskaupstaðar.
4. **1901196 - Langasandsreitur - uppbygging**
Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs fór yfir drög að áfangaskiptingu við Langasandsreit. Samþykkt að gerð verði lóðarblöð fyrir lausar lóðir við Suðurgötu og Mánabraut.
5. **1909175 - Götulýsing - rekstur, viðhald og endurnýjun hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni**
Erindi Samtaka iðnaðarins um viðhald og endurnýjun götulýsingar á Akranesi.
Lagt fram til kynningar.
6. **1909279 - Beykiskógur 17 - umsókn til skipulagsfulltrúa**
Sótt er um að gera óverulega breytingu á deiliskipulagi og leyfa stigahúsum að ná út fyrir byggingarreit, umfram 1,8 m.
*Skipulags- og umhverfissráð leggur til að fram fari grenndarkynning á breytingu á deiliskipulagi skógarhverfis 1. áfanga þar heimilt er að fara lengra en 1,8 m útfyrir byggingarreit með stigarhúsið.
Grenndarkynnt verði skv. 2. mgr. 43. gr. sbr. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir Beykiskógum 16, Viðjuskógum 3 og Seljuskógum 20.*
7. **1910040 - Vesturgata 24b - Ósk um breytta innkeyrslu**
Skipulags- og umhverfissráð tekur jákvætt í erindið og felur byggingarfulltrúa að ræða við nærliggjandi lóðarhafa.
8. **1908342 - Umhverfisviðurkenningar - tilnefningar 2019**
Ása Katrín Bjarnadóttir og Sindri Birgisson taka sæti undir þessum lið.

Skipulags- og umhverfisráð tók fyrir tilnefningar til umhverfisviðurkenninga 2019.

Skipulags- og umhverfisráð ákvað að veita viðurkenningar í eftirfarandi flokkum:
Falleg einbýlishúsalóð.

Hvatningarverðlaun.

Samfélagsverðlaun.

Tré ársins.

Umhverfisstjóra falið að undirbúa afhendingu viðurkenninga.

Ása Katrín Bjarnadóttir vikur af fundi.

9. 1811112 - Umhverfisstefna Akraneskaupstaðar

Samantekt UMÍS ehf. Environice af íbúafundi og tillögu að umhverfisstefnu.

Sindri Birgisson umhverfisstjóri kynnti samantekt UMÍS ehf. Environice af íbúafundi og tillögu að umhverfisstefnu.

Umhverfisstjóra falið að vinna málið áfram.

10. 1901193 - Stofnanalóðir 2019

Sindri Birgisson umhverfisstjóri kynnti drög að framkvæmdum og rekstri stofnanalóða Akraneskaupstaðar.

Skipulags- og umhverfisráð vísar málinu til fjárhagsáætlunar 2020.

Sindri Birgisson vikur af fundi.

11. 1907083 - Landakaup - Vogar / Kalmansvík 2, Skútasplida, Bakkabær og Elínarhöfði

Steinar Adolphsson tók sæti á fundinum undir þessum lið.

Landeigandi hefur óskað eftir leiðréttingu á lóðarstærð og telur að mistök hafi verið gerð árið 2007 við afmörkun lóðar við hliðina (Vogar/Kalmansvík nr. 1) með þeim afleiðingum að lóðin hafi þá verið skráð minni en hún á að vera.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að spildan Vogar/Kalmansvík 2 verði skráð skv. lóðarblaði dags. 19. júlí 2018. Málinu vísað til endanlegrar ákvörðunar bæjarstjórnar Akraness.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:00.

Ragnar Samundsson

Kristinn H. Sveinsson

1. Ólafur
Sigr. P. H.
Steinar Adolphsson
Steinar Adolphsson